



Launasumma og fjöldi starfsfólks – ferðapjónustan enn með mikla sérstöðu

Launasumman, staðgreiðsluskyld laun allra á vinnumarkaði, hækkaði um 8,4% milli fyrstu tíu mánaða 2020 og 2021 samkvæmt gögnum Hagstofunnar.

Launavísitalan hækkaði um 8,7% á sama tíma og hækkuðu því heildarlaunatekjur Íslendinga með álíka hætti og föst mánaðarlaun. Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,6% á þessum tíma þannig að launasumman hefur hækkað um u.þ.b. 3,6% að raungildi. Eins og gildir jafnan um heildartölur og meðaltöl er mjög mismunandi þróun á bak við þessa tölur.


Sé litið á þróun launasummunnar innan sex atvinnugreina á milli fyrstu tíu mánaða 2020 og 2021 kemur alls ekki á óvart að ferðapjónustan hefur enn tölverða sérstöðu. Launasumman í einkennandi greinum ferðapjónustu lækkaði um 2,6% á milli ára. Á hinum endanum eru heild- og smásala og opinber stjórnsýsla (með fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónustu) með í kringum 10% aukningu launasummu milli ára sé miðað við fyrstu tíu mánuðina. Þróun launasummunnar í fjármála- og váttryggingarstarfsemi er reyndar ekki svo frábrugðin ferðapjónustunni þrátt fyrir að þar hafi ekki verið um stór áföll að ræða.

Þróun yfir lengri tíma

Sé litið á þróun launasummunnar yfir lengri tíma á verðlagi hvers árs sést ris og fall ferðapjónustunnar greinilega. Sé miðað við árið 2015 héldust ferðapjónustan og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð nokkuð vel í hendur fram til ársins 2019. Eftir það minnkaði launasumman í ferðapjónustunni mikið á árinu 2020 og aftur lítillega á árinu 2021. Í byggingarstarfseminni jókst hún aftur á móti fram til 2019 og hefur haldið stöðu sinni nokkuð síðan þá. Þetta er mikil breyting frá síðustu kreppu þegar byggingarstarfsemin hrundi nær algerlega.


Opinber stjórnsýsla og byggingarstarfsemi skera sig nokkuð úr meðal þessara greina hvað aukningu launasummunnar varðar með nánast stöðuga

Breyting launasummu milli fyrstu tíu mánaða 2020 og 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launasumma fyrstu 10 mánaða



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



aukningu nær allt tímabilið. Launasumman í heild- og smásölu hefur reyndar aukist allt tímabilið þó með óreglulegri hætti sé. Stóra myndin er samt sú hvernig þróunin í ferðaþjónustunni sker sig algerlega frá hinum greinunum með miklu risi og falli.

Sjávarútvegur og fjármálaþjónusta eru með töluverða sérstöðu meðal þessara greina, t.d. hefur launasumman í fjármálaþjónustu ekkert breyst að nafnverði síðan 2017.

Fjöldi sem fær staðgreiðsluskyld laun

Fjöldi launafólks sem fékk staðgreiðsluskyldar greiðslur fyrstu tíu mánuði 2021 var nær óbreyttur frá sama tíma 2020. Launasumman hækkaði um 8,4% að nafnverði á sama tíma, þannig að tekjur á einstakling hafa aukist töluvert.


Hér er sérstaða ferðaþjónustunnar enn meiri en var varðandi launagreiðslurnar. Í ferðaþjónustunni hefur þeim sem fá staðgreiðsluskyldar greiðslur fækkað um tæp 12% á meðan ekki fækkaði markvert í öðrum greinum. Fjölgunin hefur verið áberandi mest í byggingarstarfsemi á þessu tímabili.

Horft yfir lengri tíma er þróunin varðandi fjölda starfsfólks ekki með alveg sama hætti og var með launagreiðslurnar. Ferðaþjónusta og byggingarstarfsemi haldast nokkurn veginn að fram til 2019 og þá skilur á milli. Fjöldi starfsfólks í byggingarstarfsemi var svipaður 2019 og 2020, og jókst svo áfram 2021. Byggingarstarfsemin hefur því töluverða sérstöðu meðal þessara greina sé litið á tímabilið frá 2015. Opnbera stjórnsýslan hefur einnig búið við nokkuð stöðuga fjölgun á starfsfólki nær allt tímabilið. Í fjármála- og váttryggingarstarfsemi og í sjávarútvegi hefur hins vegar verið nær stöðug fækkun allt tímabilið.

Mikill munur milli greina


Þessar tölur benda til þess að hagræðing hafi verið einna mest í sjávarútvegi og fjármála- og váttryggingarstarfsemi. Byggingarstarfsemi og opnber stjórnsýsla hafa vaxið mest á tímabilinu, bæði hvað launasummu og fjölda starfsfólks varðar og saga ferðaþjónustunnar er nokkuð ljós með risi og falli.

Breyting fjölda launafólks milli fyrstu tíu mánaða 2020 og 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Fjöldi launafólks fyrstu 10 mánuði ársins



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.